

Nd.

122. Breytingartillaga

[33. mál]

við frv. til laga um málefni Flugleiða hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (VG).

5. gr. orðist þannig:

Við veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. og 3. gr. skal ríkisstjórnin ganga frá því, að effirtöldum skilyrðum verði fullnægt:

- 1) Aukning hlutafjár ríkisins í 20% hlutafjár, sbr. 2. gr., verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund Flugleiða hf.
- 2) Samtökum starfsfólksins (STAFF) og síðan einstaklingum, sem við fyrirtækið vinna, verði gefinn kostur á því að kaupa hlutafé í Flugleiðum hf. fyrir a. m. k. 200 millj. króna, m. a. í því skyni að auka almennt áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins. Þá skal starfsfólk kjósa sérstaklega einn mann í stjórn fyrirtækisins. Skal hann kosinn almennt, óbundinni kosningu þar sem sérhver einstaklingur, sem hefur starf hjá Flugleiðum hf. að aðalatvinnu, skal hafa eitt atkvæði. Stjórnarmaður telst ekki rétt kjörinn nema hann hafi hlotið minnst 50% atkvæða. Náist sú niðurstaða ekki í fyrstu kosningu skal kjósa aftur á milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði hlutu. Stjórn STAFF skal sjá um framkvæmd kosningarinnar.
- 3) Aðalfundur verði haldinn í Flugleiðum hf. fyrir marslok 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjárreign, en framhaldsfundur haldinn síðar, ef þörf krefur.
- 4) Starfsmönnum Arnarflugs hf. eða félagi þeirra verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi hf. á eðlilegu markaðsverði. Náist ekki samkomulag um söluverð hlutabréfanna, skal það ákveðið af sérstökum gerðardómi. Skal hann þannig skipaður, að stjórn Flugleiða hf. tilnefnir einn gerðarmann, samtök starfsmanna Arnarflugs hf. annan, en oddamaður skal tilnefndur af yfirborgardómaranum í Reykjavík.  
Gerðardómurinn skal hafa lokið störfum innan 3ja mánaða frá tilnefningu í hann.
- 5) Flugleiðir hf. gefi ríkisstjórn ársfjórðungslega yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri fyrirtækisins.
- 6) Fram fari viðræður ríkisstjórnar og Flugleiða hf. um breytingu á samþykktum félagsins, er miði að því að takmarka atkvæðisrétt einstakra hluthafa, annarra en opinberra aðila.
- 7) Norður-Atlantshafsflugi verði haldið svo fjárhagslega aðskildu í bókhaldi og áætlunargerð sem frekast er unnt.
- 8) Fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum.